

## Viðbragðsáætlun – niðurfelldar rútuferðir.

Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun þegar rútuferðir eru felldar niður, en í samráði við skólastjóra.

### Að morgni:

Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu liggi fyrir ekki síðar en kl. 7:30. Um leið og ákvörðun um niðurfellingu hefur verið tekin flyst ábyrgð ákvörðunar og komandi ferill á herðar skólastjóra.

#### Upplýsingagjöf:

- 1.skref Frétt um niðurfellingu ferða sett á vef skólans [www.gsnb.is](http://www.gsnb.is)
- 2.skref Haft samband við fréttastofu RÚV og Bylgjunnar og tilkynnt um niðurfellingu ferða.
- 3.skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina fyrir kl. 7:45 svo að hún geti gefið réttar upplýsingar strax við opnun skiptiborðs.

#### Móttaka í skóla:

Starfsmenn skólans skulu mæta til vinnu í þeim bæjarkjarna sem þeir búa í þá daga sem rútuferðir eru felldar niður.

Þeir nemendur sem að mæta til skóla fara til sinna heimastofa samkvæmt stundaskrá.

Safnstöð nemenda sem ættu að fara með rútum á Hellissand en mæta í Ólafsvík skal vera í gæsluúrræði skólans í Toggahöll, undir stjórn starfsmanna þess úrræðis. Þegar skólastarf ætti að hefjast, kl. 8:40 skipuleggur skólastjórnandi í Ólafsvík starf þess hóps sem þá er þangað kominn.

Safnstöð nemenda sem ættu að fara með rútum í Ólafsvík en mæta á Hellissand skal vera á bókasafni skólans á Hellissandi undir stjórn starfsmanna þess úrræðis. Þegar skólastarf ætti að hefjast, kl. 8:30 skipuleggur skólastjórnandi á Hellissandi starf þess hóps sem þá er þangað kominn.

#### Að skóladegi loknum:

Skólastjórnandi tekur ákvörðun um hvort nemendum skal haldið í skóla þar til þeir eru þangað sóttir. Ef það er ákveðið sér skólaritari um þau símtöl og skal skólastjórnandi ekki yfirgefa skólahúsið fyrr en allir aðrir hafa yfirgefið það.

Ef skólastjórnandi metur aðstæður á þann hátt að nemendum sé óhætt að ganga heim úr skólanum skal skólaritari hafa samband við forráðamenn og tilkynna þeim ákvörðunina. Enginn skal fara úr skólanum nema að samband hafi náðst við forráðamenn og þeir samþykkt ákvörðun skólastjórnaða. Ef forráðamaður óskar eftir því að barnið dvelji í skólanum þar til það verður sótt skal svo vera.

## Á skólatíma:

Ef upp koma þær aðstæður að óveður skellur á að skólatíma og rútur eru felldar niður eru meginreglur þessar:

### Upplýsingagjöf:

- |         |  |
|---------|--|
| 1.skref | Frétt um niðurfellingu ferða sett á vef skólans <a href="http://www.gsnb.is">www.gsnb.is</a> |
| 2.skref | Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina og hann skipuleggur úthringingu til forráðamanna.        |

### Dvöl í skólanum:

Í þessu tilviki þurfa nemendur að dvelja í skólahúsnæðinu þar til bílstjórar telja mögulegt að fara viðkomandi rútuferð. Í öllum þessum tilvikum skal óska fylgdar lögreglu og/eða björgunarsveitar með rútum, af augljósum öryggisáðstæðum. Sú beiðni er á ábyrgð skólastjóra.

Ef forráðamenn óska þess að sækja börn sín, er það sjálfsagt. Skal þó ávallt fylgjast grannt með og skrá niður þær brottfarir nemenda.

## Við ýtrustu veðuraðstæður:

Ef dvöl barna í skólanum lengist verulega vegna veðurs skal miða við að þeim verði útveguð hressing í boði skólans kl. 16:00 og aftur kl. 18:00. Eigi síðar en að loknu síðara matarhléi kl. skal óska aðstoðar lögreglu og/eða björgunarsveita við að flytja nemendur og starfsmenn til sinna heimkynna.

**Ferli þetta skal kynnt á heimasíðu skólans og í starfsmannahandbók.**